

Þriðjudaginn 28. febrúar 1995 kl. 11:30

48. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 13/1995

**Erindi Hópförðamiðstöðvarinnar hf.
varðandi samkeppnisrekstur Strætisvagna Reykjavíkur o.fl.**

I.

Málavextir.

1.

Í erindi dagsettu 23. nóvember sl. fer Hópförðamiðstöðin hf. fram á að Samkeppnisstofnun skeri úr um það hvort annar akstur en einkaleyfisakstur strætisvagnafyrirtækja, eða þeirra sem um þann akstur sjá, og stundaður er í samkeppni við hópförðaleyfishafa brjóti í bága við 2. málsgrein 14. greinar samkeppnislaga.

Fyrirtækin sem um ræðir eru Strætisvagnar Reykjavíkur og Almenningsvagnar bs. sem hvort um sig hafa einkaleyfi á strætisvagnaakstri, fyrrnefnda fyrirtækið í Reykjavík og hið síðar nefnda í nágrennabyggðalögum Reykjavíkur. Almenningsvagnar bs. hafa boðið út sinn akstur. Fyrirtækin Hagvagnar hf. og Meiriháttar hf. sjá um aksturinn fyrir hönd Almenningsvagna bs.

Að sögn Hópförðamiðstöðvarinnar hf. taka fyrirtæki þessi þátt í tilboðsgerð vegna aksturs einstakra hópa svo sem skólahópa og einnig vegna stærri verkefna svo sem aksturs vegna vinnuskóla. Einnig segir í erindinu: "....."
Fyrir utan þá staðreynd að þungaskattskylda er mismunandi eftir því hvort verið sé að aka almennar hópförðir eða strætisvagnaakstur samkvæmt einkaleyfi, þá teljum við að skilja beri á milli starfsemi sem er í samkeppni á almennum markaði og starfsemi sem styrkt er af sveitarfélögum og nýtur einkaleyfisverndar".

2.

Erindi Hópfærðamiðstöðvarinnar hf. var sent 6. desember sl. Strætisvögnum Reykjavíkur, Almenningsvögnum bs., Hagvögnum hf. og Meiriháttar hf. til umsagnar.

Í svari Strætisvagna Reykjavíkur dagsettu 19. desember sl. segir meðal annars:" *Á því er engin launung, að SVR hefur annast akstur utan áætlunarþjónustu um margra ára skeið án þess, að slíkt hafi verið talið ámælisvert. Æskilegt er að fá úr því skorið hvort hin nýju samkeppnislög breyta einhverju í þessu efni* ".

Einnig segir:" *Meginhluti aukaverkefna hefur verið í þágu borgarfyrtækja og -stofnana, svo sem skóla, félagsmiðstöðva og dagvistunarstofnana* ".

Strætisvagnar Reykjavíkur vekja á því athygli að" *Ferðaþjónusta fatlaðra hefur verið færð undir yfirstjórn SVR. Aukaverkefni hafa m.a. verið í þágu vangefinna, fatlaðra og blindra* ", og einnig að" *Meginregla varðandi gjaldtöku fyrir aukaverkefni hefur verið að fylgja gjaldskrá hópfærðaleyfishafa* ".

Ennfremur segir í svari Strætisvagna Reykjavíkur að:" *Strætisvagnar henta oft betur og eru hagkvæmari í stuttum innanbæjarferðum en hópfærðabifreiðar (dæmi: akstur vegna ráðstefnuhalds)* ".

3.

Í svari Almenningsvagna bs. frá 19. desember sl. kemur fram að allur akstur á þeirra leiðum er boðinn út og fyrirtækið á ekki vagnana sem aksturinn stunda og er ekki í aðstöðu til að sinna öðrum akstri né gera tilboð í annan akstur. Fyrirtækin Meiriháttar hf. og Hagvagnar hf. sjá um akstur á einkaleyfisleiðum Almenningsvagna bs.

Í svari Hagvagna hf. frá 12. desember sl. kemur fram að fyrirtækið er verktaki hjá Almenningsvögnum bs. Í verksamningi, sem gerður var við fyrirtækið eftir opið útboð, segir" *Einkaleyfi til fólksflutninga er ekki framselt til verktaka með samningi þessum* ". Einnig segir í svari Hagvagna hf. að" *Samkvæmt verksamningi okkar er engin kvöð um að við megum ekki taka að okkur önnur*

verkefni. Starfsemi okkar nýtur ekki einkaleyfisverndar og er ekki styrkt af sveitarfélögunum ".

Í svari Meiriháttar hf., sem barst Samkeppnisstofnun í desember sl., kemur fram að Allrahanda hf. hafi sent tilboð í akstur fyrir Almenningsvagna bs. og því tilboði hafi verið tekið. Skilyrði var sett um að Allrahanda hf. stofnaði sérstakt rekstrarfélag um akstur fyrir Almenningsvagna bs. Allrahanda hf. stofnaði félagið Meiriháttar hf. til að annast umræddan akstur. Fyrirtækið upplýsir að Meiriháttar hf. hafi engan annan rekstur með höndum en akstur fyrir Almenningsvagna bs.

Fram kemur einnig í bréfi fyrirtækisins að bifreiðar þær sem Meiriháttar hf. notar í aksturinn leigir fyrirtækið af Allrahanda hf. og Féfangi hf. og eru þær notaðar bæði af Allrahanda hf. og Meiriháttar hf. við akstur.

4.

Hópfærðamiðstöðinni hf. var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við ofangreindar umsagnir. Í bréfi Hópfærðamiðstöðvarinnar 24. janúar 1995 kemur fram eftirfarandi:*" Við viljum þó áréttta sérstaklega, að við teljum þá starfsemi sem forstjóri SVR lýsir í sínu bréfi brjóta í bága við samkeppnislög og tökum undir með honum, að full þörf sé á að fá úrskurð í því efni ".*

II.

Niðurstaða.

1.

Í 2. mgr. 14. greinar samkeppnislaga nr. 8/1993 segir:*" Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi ".*

2.

Í gögnum málsins kemur fram að fyrirtækin Meiriháttar hf. og Hagvagnar hf. stunda strætisvagnaakstur sem verktakar fyrir Almenningsvagna bs. Samið var við fyrirtækin um aksturinn eftir að opið útboð hafði átt sér stað. Fyrirtækin tvö starfa ekki samkvæmt einkaleyfi og starfsemi þeirra er ekki niðurgreidd af opinberu fé. Þessu hefur Hópfurðamiðstöðin hf. ekki andmælt. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga eiga því ekki við vegna starfsemi fyrirtækjanna Almenningsvagnar bs., Hagvagnar hf. og Meiriháttar hf.

3.

Strætisvagnar Reykjavíkur er fyrirtæki rekið af Reykjavíkurborg og hefur einkaleyfi til strætisvagnaaksturs í borginni og á Seltjarnarnesi. Strætisvagnar Reykjavíkur njóta fyrir utan einkaleyfisaðstöðu fjárframlaga frá bæði Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbæ. Strætisvagnar Reykjavíkur annast í einhverjum mæli aðra fólksflutninga en þá sem háðir eru einkaleyfi. Er þar um að ræða þjónustu sem að öllu jöfnu er veitt á samkeppnismarkaði. Ekki verður fullyrt að samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins sé greidd niður af einkaleyfisstarfsemi þess enda er ekki greint á milli einkaleyfisrekstrar og annarrar starfsemi í reikningum fyrirtækisins. Niðurgreiðsla á samkeppnisrekstri stangast á við markmið samkeppnislaga sbr. 1. gr. laganna. Þegar ekki er ljóst hvort samkeppnisrekstur er niðurgreiddur veldur það óvissu keppnauta og getur skapað tortryggni.

III.

Ákvörðunarorð:

"Til að taka af allan vafa um að sá þáttur í starfsemi Strætisvagna Reykjavíkur sem rekinn er í samkeppni við aðra aðila sé ekki niðurgreiddur með tekjum af einkaleyfisrekstri fyrirtækisins mælir Samkeppnisráð, á grundvelli 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, fyrir um fjárhagslegan aðskilnað einkaleyfisrekstrar og samkeppnisrekstrar Strætisvagna Reykjavíkur eigi síðar en 1. janúar 1996."

